


Umsóknafjöldi undanþágunefndar grunnskóla frá 2000-2016




Á myndinni má sjá yfirlit umsókna til undanþágunefndar grunnskóla frá skólaárinu 2000-2001 til 2015-2016.

Tölur frá undanþágunefnd grunnskóla sýna að frá skólaárinu 2012-2013 hefur umsóknum farið örlítið fjölgandi. Hins vegar hefur dregið verulega úr fjölda umsókna ef miðað er við umsóknafjölda eins og hann var á árunum 2000-2004 og hefur fækkunin farið stigminnkandi ef frá eru talin skólaárin 2007-2008 og 2008-2009.

Hlutverk undanþágunefndar grunnskóla er að meta umsóknir skólastjóra um heimild til að lausráða starfsmann sem ekki hefur leyfi mennta- og menningarmálaráðherra til að nota starfsheitið grunnskólakennari.

Áhrif þrenginga á atvinnumarkaði í kjölfar efnahagshrunsins 2008 eru sýnileg þar sem umsóknum til nefndarinnar fækkaði og fleiri kennarar með kennsluréttindi sóttu um kennslustöður í grunnskólum. Sjá nánar upplýsingar um störf undanþágunefndar grunnskóla á [heimasíðu](#) Menntamálastofnunar.

Til fróðleiks má geta þess að samhliða fækkun umsókna til nefndarinnar hefur orðið aukning á fjölda útgefinna leyfisbréfa grunnskólakennara um kennsluréttindi.



Á myndinni má sjá yfirlit yfir fjölda útgefinna leyfisbréfa á grunnskólastigi frá árinu 2000 til 2016.

Stöðugleiki á útgáfu leyfisbréfa næst á árunum 2005 til 2012 þar sem að meðaltali 427 hafa fengið kennsluréttindi.

Fjöldi útgefinna leyfisbréfa tvöfaldaðist skólaárið 2012-2013 en það má skýra með lögum [nr. 87/2008](#) um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, sem tóku gildi 1. júlí 2011. Í september 2011 voru síðan samþykkt á Alþingi lög [nr. 139/2011](#) um breytingu á fyrrnefndum lögum.

Breytingin hafði í för með sér að kennarar í takmörkuðum tilvikum gátu fengið leyfisbréf, sbr. eldri lög án þess að hafa lokið meistaraþrófi frá háskóla eins og lögin kveða á um, sæktu þeir um það fyrir 1. júlí 2012. Áhrif framangreindra breytinga sjást næstu þrjú ár eftir breytingu þar sem nú tekur fimm ár að útskrifa kennara sem uppfylla kröfur til að fá leyfisbréf.